

Fundur Myndlistarráðs
Mánudagur, 25. nóvember kl 8:30
Gimli, Lækjargötu

Fundur nr.5/2019

Mætt á fundinn eru: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðifélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Klara Þórhallsdóttir og Hera Guðmundsdóttir (ritar fundargerð) frá KÍM.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis

Fundargerð verður undirrituð á næsta fundi, óskað eftir lengri tíma til yfirlestrar.

2. Fjármál 2020

Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins lagt fyrir ráðið þar sem fram kemur að framlag til

Myndlistarsjóðs árið 2020 sé 57,4 milljónir kr sem er hækkun um 7 milljónir kr. frá 2019.

Ráðið vill hækka úthlutunarfé um 6 milljónir: 4 milljónir í fyrri úthlutun og 2 milljónir í seinni. Milljón haldið eftir í annan kostnað og fyrir forritun á heimasíðu.

Fjárhagsáætlun 2020 lögð fram til samþykkis í janúar.

3. Starfsemi ráðsins (framhald frá síðasta fundi)

Íslensku myndlistarverðlaunin : Illa sótt árið 2019. Spurning að færa viðburðinn í annað húsnæði, sem næst að fylla. Umræða um hvernig fara eigi að því að trekkja að og ná athygli myndlistarmanna sem og ráðamanna. Umræða um afhendingu á söfnunum; söfnin skiptist á að halda viðburðinn. Bent á að

starfshópur um Íslensku myndlistarverðlaunin hafi rætt þennan möguleika og ekki hafi verið áhugi af hálfu safnanna. Dusta rykið af hugmynd um málþing í tengslum við afhendinguna. Rætt að hafa samband við fyrrum verðlaunhafa Eygló Harðar og Sigurður Guðjónsson; fá þau til að tala um árið eftir að þau hlutu verðlaunin.

Afhending : Verkefnastjóri setur sig í samband við fjölmiðla og athugar möguleika á samstarfi við Menninguna. Athuga menningartengda kynna; nöfn Guðrúnar Sóleyjar Gestsdóttur (RÚV), Guðna Tómassonar (Rás 1) og Höllu Harðardóttur (Rás 1) berast í tal. Auka kynningu á tilnefndum. Á viðburðurinn að vera uppskeruhátíð myndlistar? Halda á lofti þeim verkefnum sem myndlistarsjóður hefur styrkt og sýna gróskuna í íslensku myndlistarlífi. Myndlistartengd tónlistaratriði eftir afhendingu. Myndlistarverðlaunin 2021 : Fjölgun verðlauna, til að auka umfang verðlaunanna og sýna fjölbreytnina. Sameina hugsanlega ársúthlutun og Íslensku myndlistarverðlaunin? Umræða um fjölgun flokka færð yfir á næsta fund.

4. Sigurður Guðjónsson – frestun á styrk úr seinni úthlutun 2019

Fyrirspurn frá Sigurði Guðjónssyni. Fordæmi frá launasjóði: í launasjóði máttu ekki fresta greiðslu lengur en í 9 mánuði. Bráðabirgðaskýrslu skilað fyrir lok árs 2020. Engin ástæða til að fresta greiðslu eða

5. Önnur mál :

- I. Ársúthlutun 27. nóvember

Ráðið staðfestir mætingu í Listasafn Íslands

Næsti fundur settur 13. janúar 2020,

Fundi slitið 10:05

